

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Smolt Botni, Tálknafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Arctic Smolt	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Örn Smáráson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurvin Hreiðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fundið var að olíuefnum í frárennsli, umgengni um efnavöru, Gerðar voru þrjár athugasemdir.

UMFANG EFTIRLITS

Kom í hús og talaði við Örn Smáráson og Sigurvin Hreiðarsson og sagði frá erindinu.

Í síðasta eftirliti MATÍS frá í júlí sl. var skrifað upp frávík frá kröfum starfsleyfisins en mikil plastmengun vegna plast úr lífhreinsum er í kringum stöðina og á fjörum. Sigurvin kannaðist við vandamálið og kvað búið væri að hreinsa nokkuð en Sigurvin kvaðst hafa gengið fjörur og staðsett staði þar sem fara þarf í hreinsun og til stæði að fara með vinnuhóp í frekari hreinsun.

Tilkynnt var að ég myndi ganga um lóðina og niður í fjöru. Rekstraraðili gerði ekki athugasemdir við það.

Gengið var niður með frárennisskurði frá fyrirtækinu og sá að nokkuð botnfall er komið á botninn, sbr. hvíta skán á botninum. Eins hafði eitthvað af byggingarefni fokið í sjóinn og sást glitta í það á botninum.

Gengið var eftir fjörunni neðan fyrirtækisins í tæpan km. og sáust plastagnir á nokkrum stöðum. Ekki var það þó áberandi.

Í frárennisskurði neðan bygginganna eru tvær frárennislagnir og var greinileg brák á sjónum og lyktaði eins og tjöruleysir eða olía. Ef bílaþvottur eða olíuskripti fara fram í húsunum þá er einsýnt að olíuskilja þarf að vera á frárennslinu. □

Utanhúss upp við sömu byggingar stóð vörubretti með efnavöru. Sjá mátti merkingar eins og Virasure, Viracid, Bacter 100 og Brio clor og ýmsar hættumerkingar. Þetta eru efni sem ættu að geyma í lokuðum efnageymslum fyrirtækisins. □

Við skoðun á byggingasvæðinu mátti sjá að fohætta er af lausum plastkössum og byggingarefnum í ruslagámum á svæðinu. Eins þarf að koma olíugeymi (neyslugeymi) betur fyrir en geymirinn er ekki varinn fyrir árekstrum.

Frávík frá

ákvæði í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Lýsing á frávíki

Olía í frárennsli skal ekki vera meiri en 15 PPM (partar í miljón)

ATHUGASEMDIR


Fergja þarf ruslagáma og varna foki á úrgangsefnum. Eins þarf að ganga fjöru og ljúka hreinsun á plasti úr lífhreinsum. Eins önnur fokefni sem sjást í fjörunni.

Færa þarf neyslugeymi og koma fyrir árekstrarvörnum við hann.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.10.2017



Gottskálk Friðgeirsson